



Púsl aðferðin

Rannsóknir hafa sýnt að bestur árangur næst þegar nám og kennsla er sniðin að getublönduðum bekkjum / hópum. Margir kannast efalaust við Púsl ferðina, en Hattie og Clarke benda á að hún henti mjög vel við ýmiskonar verkefnavinnu. Með aðferðinni kenna og læra nemendur saman, þeir sem geta átti í erfiðleikum fá stuðning og það eru væntingar um virka þátttöku allra allan tímann. Að auki gefast mörg tækifæri fyrir nemendur að veita og taka á móti endurgjöf frá hvor öðrum.

Púsl aðferðin var þróuð af Elliot Aronson prófessor árið 1971 og hefur skilað góðum árangri. Lesa má um aðferðina [HÉR](https://www.jigsaw.org/) (<https://www.jigsaw.org/>). Fyrir þá sem hafa áhuga á að nota Púsl aðferðina getur verið gagnlegt að horfa á þetta [MYNDBAND](https://www.youtube.com/watch?v=euhtXUgBEts) (<https://www.youtube.com/watch?v=euhtXUgBEts>).

Púsl aðferðin í 10 einföldum skrefum

1. Skref. Skiptið nemendum í 4 – 6 manna púsl hópa. Tryggið blöndun með tilliti til kynferðis, uppruna og námsgetu. Mikilvægt er að hafa alla hópana jafn stóra.
2. Skref. Tilnefnið einn stjórnanda í hverjum hópi. Veljið nemenda sem veldur verkefninu. Hlutverk hans er að sjá til þess að reglum sé fylgt. Bent hefur verið á að gott sé að þjálfar nemendur sérstaklega til að vera stjórnendur eða ákveða viðmið fyrir þá.
3. Skref. Skiptið viðfangsefninu niður í 4 – 6 hluta, jafn marga og fjöldi nemenda í hverjum púsl hópi er. Skrifið heiti hlutanna á miða. Dæmi; ef markmiðið er að nemendur læri um Noreg gætir þú skipt í eftirfarandi hluta: 1) Lega og náttúra landsins 2) Stjórnarfar, 3) Menning og listir, 4) Saga, 5) Atvinnulíf, 6) Tengsl Noregs og Íslands.
4. Skref. Deilið hlutunum (miðunum) til nemenda í púsl hópunum. Þannig að hver nemandi í hópnum fái einn hluta og upplýsingar um heimildir í tengslum við hann. Þannig er hver púsl hópur með alla hlutana samanlagt.
5. Skref. Einstaklingsvinna. Hver nemandi aflar sér þekkingar varðandi sinn hluta. Heimildir geta verið á vef, bækur, ljósrit o.fl. sem þið eruð búin að undirbúa.

6. Skref. Búið til tímabundna sérfræðingahópa. Nemandi frá hverjum púsl hópi sameinast nemendum frá öðrum púsl hópum, sem eru að vinna með sama hluta, t.d. allir nemendur sem eru að vinna með sögu Noregs. Nemendurnir í sérfræðingshópnum segja hver öðrum frá því helsta sem þeir ætla að upplýsa púsl hópinn sinn um. Þeir spyrja spurninga og deila upplýsingum.
7. Skref. Sendið nemendur aftur í púsl hópana sína
8. Skref. Biðjið hvern nemanda að kynna niðurstöður sínar fyrir hópnum sínum. Nemandinn sem fékk hlutann um stjórnarfar segir frá því og svo koll af kolli. Hvetjið hina nemendurna til að hlusta vel og spyrja nánar.
9. Skref. Farið á milli hópanna og fylgist með. Ef á þarf að halda má hvísla góðum ráðum til stjórnandans.
10. Skref. Loka afurðin getur verið af mörgum toga t.d. er hægt að leggja spurningakönnun fyrir nemendur (einstaklingskönnun), einnig gætu nemendur sýnt fram á þekkingu sína með skýrslum eða á annan hátt. Bent hefur verið á að matið gæti verið einstaklingsbundið og svo mætti reikna út meðaltal hvers púsl hóps.